

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 5.M.B	Ábm. HS
Innk.	8. OKT. 2021
DMR	21090238

Kosningakæra

Kærandi: **Katrín Oddsdóttir,**
Kjósandi í Keykjavíkurborg norður.

Móttakandi: **Alþingi** á grundvelli 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. og 1. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. og 2. mgr. 1. gr. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Dómsmálaráðuneytið á grundvelli 118. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

i. Krafa um ógildingu alþingiskosninga sem fram fóru 25. september 2021

Kærandi krefst þess að Alþingi úrskurði ógildar þær kosningarnar til Alþingis sem fram fóru 25. september 2021.

ii. Kæruheimild

Kærandi byggir kæruheimild sína á 188. grein laga nr. 24/2000. Alþingi getur auk þess tekið til rannsóknar, með eða án kæru, gildi kosninga, og úrskurðað þær ógildar, sbr. 1. og 5. gr. þingskapalaga. Kæra þessi er borin fram við Alþingi innan þess frests sem getið er í 4. mgr. 5. gr. þingskapalaga og ber því að taka hana til meðferðar.

Í 92. málsgrein dóms yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir „MDE“) í máli nr. 310/15 *Mugemangango gegn Belgíu* sem féll þann 10. júlí 2021, og grundvallast á atvikalýsingu sem svipar mjög til þess máls sem hér er kært vegna, segir:

92. If the electoral law provisions are to be more than just words on a page, failure to comply with the electoral law must be open to challenge before an appeal body. This applies in particular to the election results: individual citizens may challenge them on the grounds of irregularities in the voting procedures.

Sú regla hefur því verið staðfest af yfirdeild MDE að borgarar þurfa að eiga raunverulegan og virkan rétt á að láta reyna á réttmæti kosninga til þess að lög um kosningaúrslit geti talist meira en bara orð á blaði.

Á grundvelli þessarar mikilvægu meginreglu er þess krafist að kærandi fái skriflegan og rökstuddan úrskurð vegna kæru þessarar.

iii. Um hæfi Alþingis til þess að úrskurða um gildi kosninganna

Sú aðferð sem gildandi stjórnskipun býður upp á varðandi það að úrskurða um gildi alþingiskosninga samræmist ekki grundvallarreglum réttarríkisins. Í fyrsta lagi skortir á það að gætt sé að sjónarmiðum um vanhæfi og í annan stað er ekki hægt að skjóta úrlausn Alþingis til óháðs úrskurðaaðila. Þessir vankantar á fyrirkomulaginu ganga í berhöggi við stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Eyrópu.

a. Um lögjöfnun við hæfisreglur annarra laga

Þrífgreining ríkisvaldsins er slík grundvallarregla stjórnskipunarinnar að henni má aldrei víkja til hliðar. Þar sem fyrirkomulag 46. greinar stjórnarskrár er þegar á skjön við þá reglu, verður einkar mikilvægt að gætt sé fyllsta öryggis varðandi málsmeðferð og framkvæmd á úrskurðarvaldinu sem í greininni felst.

Alþingi beitir ekki lögjafarvaldinu þegar það úrskurðar um gildi kosninga heldur er um að ræða stjórnvaldsákvörðun sem er tekin á grundvelli þeirrar sérreglu sem 46. gr. stjórnarskrár geymir¹. Þótt ekki gildi sett lög um málsmeðferð og verklagsreglur Alþingis í tengslum við ákvörðunartöku á grundvelli 46. grein er ljóst að sömu meginreglur eiga við í þessu tilvik og um töku annars konar stjórnvaldsákvæðana þar sem farið er með opinbert vald. Alþingi verður að leitast við að uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til úrskurðaraðila á vettvangi réttarríkisins. Hér er mikilvægt að áréttast að um er að ræða íþyngjandi ákvörðun sem varðar rétt borgara þessa ríkis. Vísast hvað þetta varðar t.d. í 98. málsgrein dómi yfirdeildar MDE í máli *Mugemangango gegn Belgíu*:

98. In this connection, the Court has held that members of parliament cannot be "politically neutral" by definition (see Ždanoka, cited above, § 117). It follows that in a system such as the one in place in Belgium, where Parliament is the sole judge of the election of its members, particular attention must be paid to the guarantees of impartiality laid down in domestic law as regards the procedure for examining challenges to election results. [áherslubreyting kæranda]

Í þeirri stöðu sem upp er komin er nærtækast að beita lögjöfnun við gildandi hæfisreglur í öðrum lögum sem fjalla um málsmeðferð úrskurðaraðila. Lögjöfnun er lagatúlkun sem felur í sér að tilvik er heimfært undir lagaákvæði sem var ekki sérstaklega hugsað fyrir við setningu eða mótnu þess. Skilyrði lögjöfnunar eru fyrir hendi í þessu tilvik þar sem önnur lagaákvæði ná ekki yfir hæfismat á þingmönnum þegar úrskurðarvaldi á grundvelli 46. grein stjórnarskrárinnar er beitt. Þó er um að ræða eðlislíka framkvæmd og dómsathöfn eða stjórnvaldsákvörðun á grundvelli stjórnsýslulaga. Lögjöfnun við hæfisreglur annarra laga styðst við traust efnisrök og er í samræmi við almenna réttarvitund og meginreglur laga.

Í 5. grein laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir að dómari sé vanhæfur til að fara með mál ef hann er aðili að málinu eða ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Í 3. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993 segir að starfsmaður eða nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef hann er aðili máls eða ef hann á sjálfur „sérstakra og verulega hagsmuna að gæta“ eða ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem

¹ Að því leyti svipar mál þessu til ákvörðunar Hæstaréttar frá 25. janúar 2011 um ógildingu kosninga til stjórnlagabings, en sú ákvörðun hefur fordæmisgildi í máli því sem hér er til skoðunar.

eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Kærandi byggir á að þessar lagareglur ættu að vera lagðar til grundvallar í meðhöndlun Alþingis með það opinbera vald sem felst í því að úrskurða um lögmæti kosninga. Þess ber að geta að reglur um hæfi þeirra sem fara með úrlausnarvald í framangreindum skilningi eru grundvallarþáttur í meginreglunni um réttláta málsmeðferð, bæði fyrir dómstólum og í stjórnarsýslunni.

Með lögjöfnun frá fyrrgreindum lagaákvæðum sést bersýnilega að það vald að ákvarða um gildi kosninga þeirra sjálfra geta þingmenn ekki borið með réttu þar sem þeir hafa sjálfir sérstaka og verulegra hagsmuna að gæta hvað varðar niðurstöðu úrskurðarins. Enginn skyldi gerast dómari í eigin máli. Þessi aðild þingmannanna, og flokkssystema sem þeir hafa sterk tengsl við, að úrlausnarefninu brýtur freklega í bága við almennar hæfisreglur dómsvalds og stjórnarsýsluréttar og gegn sjónarmiðum um málefnalega stjórnarsýslu. Þá felst í þessari framkvæmd brot gegn 3. grein I. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Vísast hvað þetta varðar í 70. málsgrein í fyrrnefndum dómi yfirdeildar MDE *Mugemangango gegn Belgíu*:

70. For the examination of appeals to be effective, the decision-making process concerning challenges to election results must be accompanied by adequate and sufficient safeguards ensuring, in particular, that any arbitrariness can be avoided. In particular, the decisions in question must be taken by a body which can provide sufficient guarantees of its impartiality. Similarly, the discretion enjoyed by the body concerned must not be excessive; it must be circumscribed with sufficient precision by the provisions of domestic law. Lastly, the procedure must be such as to guarantee a fair, objective and sufficiently reasoned decision... [áherslubreyting kæranda]

Á grundvelli alls ofangreinds ber Alþingi að taka sjálfstæða og rökstudda ákvörðun um hæfi sitt út frá þeim undirliggjandi hagsmunum sem þingmenn hafa af úrlausn þess. Sé það mat Alþingis að alþingismenn séu hæfir til að taka ákvörðun um gildi kosninga til Alþingis ætti sú ákvörðun um hæfi að vera til þess fallin að sæta kæru til dómstóla, rétt eins og efnisleg ákvörðun Alþingis í málinu. Enda felst réttur á endurskoðun slíkrar ákvörðunar í rétti til frjálsra kosninga auk þess sem dómstólar kveða almennt á um embættistakmörk yfirvalda, sbr. 70. grein stjórnarskrár, 3. gr. 1. Samningsviðauka og 13. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994.

Kærandi byggir samandregið á því að núverandi fyrirkomulag, sem gerir ráð fyrir því að Alþingi hafi, framar öðrum handhöfum ríkisvalds, vald til að gerast dómari í eigin sök, standist ekki lágmarkskröfur réttarríkisins um hlutleysi og sjálfstæði við ákvarðanatöku í málum er varða réttindi borgaranna. Áskilur kærandi sér því rétt til að láta reyna á ákvörðun Alþingis fyrir dómstólum.

b. Nánar um Mannréttindasáttmála Evrópu og aðgerðarleysi Alþingis gagnvart stjórnarskrárumbótum

Sem fyrr segir er úrlausnaraðferð 46. greinar gildandi stjórnarskrár ekki í samræmi við kenningar um aðgreiningu valds. Aðferðin gengur þvert á 3. grein I. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) um rétt til frjálsra kosninga. MSE hefur verið lögfestur héraendis, sbr. lög 62/1994 og hafa ákvæði sáttmálans skýra tengingu við mannréttindakafila gildandi stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944. Verður þar af leiðandi að túlka ákvæði stjórnarskrár í samræmi við MSE. Mannréttindasáttmáli Evrópu er „lifandi löggjöf“ að því leyti að

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) túlkar ákvæði sáttmálans og færir þeim þar með það efnislega innihald sem þau fela í sér hverju sinni.

Fyrir liggur nýr dómur yfirdeildar MDE í máli nr. 310/15 sem féll þann 10. júlí 2020². Í málinu var til skoðunar sams konar fyrirkomulag og Alþingi viðhefur um þessar mundir, til að úrskurða um gildi kosninganna sem fram fóru 25. september 2021. Var fyrirkomulagið talið brjóta gegn fyrrgreindri grein MSE um rétt til frjálsra kosninga. Þá var talið að brotið hefði verið gegn ákvæði 13. gr. MSE sem fjallar um réttinn til virkra réttarúræða þar sem kæranda stóðu ekki til boða nein önnur virk úrræði til að láta reyna á rétt sinn.

Raunar er tekið fram 47. málsgrein dóms yfirdeildarinnar að það fyrirkomulag sem viðhaft sé á Íslandi standist ekki rétt til virks réttarúræðis:

“47. In States where Parliament is the only body competent to determine a dispute concerning election results or the distribution of seats, complainants are not afforded procedural safeguards in Denmark, Iceland, the Netherlands and Norway...”
[áherslubreyting kæranda]

Það að Alþingi hafi ekki gripið til aðgerða til að leiðrétta hið ólögsmæta ástand sem er sérstaklega tilgreint í dómnum cykur enn á aðgerðaleyfisbrot þingsins gagnvart réttaröryggi borgara landsins. Þess ber að geta að dómurinn hefur aukið fordæmisgildi í ljósi þess að um er að ræða yfirdeild MDE og hefur Ísland því engar málsbætur varðandi vanrækslu á því að bregðast við niðurstöðunni þar sem ríkið er sérstaklega nefnt á nafn í samhengi við hina ólögsmætu framkvæmd.

Björg Thorarensen dómari og prófessor í stjórnskipunarrétti segir eftirfarandi í riti sínu um réttarsviðið:

„Hugmyndin um beint lýðræði tengist öðrum undirstöðum stjórnskipunarinnar, einkum sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Með því er viðurkennt að þótt stjórnskipunin sé reist á fulltrúalýðræði skuli þjóðin taka beina og milliliðalaus afstöðu til tiltekinna mála, sem líta að mikilvægum hagsmunum eða um ákveðin mál, svo sem stjórnarskrárbreytingar, enda sé þjóðin sjálf stjórnarskrárgjafinn.“³ [áherslubreyting kæranda]

Það að þjóðin sé stjórnarskrárgjafinn er ekki bara fagurgali heldur réttarheimspekileg forsenda sem liggur til grundvallar öllu lýðræðisfyrirkomulagi okkar.

Í þessu samhengi er mikilvægt að áréttu að ef önnur leið en ógilding er valin hefur Alþingi með aðgerðaleyfi sínu á framfylgni við vilja stjórnarskrárgjafans aukið á alvarleika brotsins gegn MSE. Um er að ræða það *aðgerðaleyfisbrot* sem felst í því að hunsu niðurstöðu lögmætrar þjóðaratkvæðagreiðslu frá 20. október 2012, hvar meirihluti kjósenda sagði að leggja skyldi frumvarp stjórnlagaráðs til grundvallar sem frumvarp að stjórnarskrá Íslands. Vilji

² <https://hudoc.echr.coe.int/fre#%7B%22itemid%22%3A%22001-203885%22%7D>

³ Stjórnskipunarréttur – Undirstöður og handhafar ríkisvalds (2015)

stjórnarskrárgjafans hefur verið áréttaður frá þjóðaratkvæðagreiðslunni, til dæmis þann 20. október 2020 þegar forsætisráðherra Íslands voru afhentar 43.423 staðfestar undirskriftir kjósenda sem kröfðust þess að Alþingi virti niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Til að varpa skýrara ljósi á afleiðingar aðgerðarleysisbrots Alþingis skal þess getið að í 43. grein frumvarps stjórnlagaráðs er komið á fót úrskurðaraðferð sem samrýmist ákvæðum MSE bæði hvað varðar hlutleysi og rétt til að skjóta úrskurðum um lögmæti kosninga til dómstóla. Þannig má ljóst vera að ef nýja stjórnarskráin hefði verið lögfest, rétt eins og niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar kvað á um, væri Alþingi ekki í þeirri stjórnskipunarlegu klípu að þurfa að úrskurða sjálf um lögmæti sitt. Alþingi hefur því viðhaldið óhóflegum og ómálefnalegum völdum sínum til þess að úrskurða um lögmæti eigin kosninga með því að virða að vettugi vilja stjórnarskrárgjafans. Eykur þessi sök Alþingis mjög á alvarleika þeirrar stöðu sem upp er komin.

Við þetta bætist að Alþingi hefur ekki sinnt stjórnarskrárbundinni skyldu sinni samkvæmt 31. grein laga nr. 33/1944 hvað varðar leiðréttingu á misvægi atkvæða. Fyrir vikið vega atkvæði í Norðvesturkjördæmi u.þ.b. tvöfalt á við atkvæði í kjördæmum á borð við Kragann. Aukið vægi atkvæða í Norðvesturkjördæmi þýðir aukin áhrif niðurstöðu þess kjördæmis á landið í heild og fyrir vikið aukin áhrif af annmörkum á framkvæmd kosninga í kjördæminu fyrir landið í heild. Ójafnt vægi atkvæða þýðir einnig að tilteknir stjórnsmálaflokkar, í þessu tilfalli Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, fá 29 þingsæti í stað 26 sem myndi endurspegla prósentutölu þeirra kjósenda sem völdu framboð þessara flokka. Er þetta fyrirkomulag einnig í andstöðu við frumvarp stjórnlagaráðs sem 2/3 hluta kjósenda sögðu að skyldi lagt til grundvallar sem stjórnarskrá Íslands í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Grundvallarstoð hvers lýðræðisríkis er sú að kjósendur megi treysta því að fá að ganga reglulega á janfræðisgrundvelli til frjálstra kosninga þar sem atkvæðagreiðsla er leynileg og fer fram við aðstæður sem tryggja það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings. Sú staða sem upp er komin í lýðveldinu Íslandi, í kjölfar brota á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 er til þess fallin að grafa undan trausti og tiltrú borgara landsins á að þessi grundvallarstoð á Íslandi sé styrk og virk. Því er rétt að áréttast að hagsmunirnir sem um teflir í þessu máli eru gríðarlegir. Af þeim sökum fullyrðir kærandi að ef kastað verður til höndum af hálfu alþingismanna, sem allir hafa persónulega og verulega hagsmuni af því að láta niðurstöður kosninganna standa óbreytta, hvað varðar rannsóknarskyldu, eftirlitsskyldu og ógildingarheimild þingsins á kosningum í samræmi við lög og dómaframkvæmd Hæstaréttar – kann slík niðurstaða höggva skarð í lýðræðisvitund almennra borgara á Íslandi til frambúðar. Einnig er ljóst að málið í heild hefur áhrif á ímynd þjóðarinnar út á við, en ekki er langt síðan hið íslenska réttarríki fékk síðast á baukinn hjá Mannréttindadómstóli Evrópu vegna skipan dómara.

Að þessu sögðu er það góðfúsleg ósk kæranda að allir þeir þingmenn sem lesa þessa kæru, og aðrar sambærilegar kærur, taki af fullkominni alvöru á því álitaefni sem um ræðir hér, sem er sjálfur grundvöllur okkar lýðræðisfyrirkomulags. Rétt eins og öll önnur opinber kerfi, byggir lýðræðisfyrirkomulag þessa lands fyrst og fremst á trausti. Er þetta áréttast í kjölfar þess að flokksformenn fráfarandi ríkisstjórnar töluðu fjálglega um málsmeðferð kærumála í fjölmíðlum⁴, líkt og um formsatriði væri að ræða og að niðurstaða hefði þegar verið ákveðin enda fara stjórnannýndarviðræður fram á meðan þetta er skrifað, eins og ekkert hafi í skorist.

⁴ <https://www.visir.is/g/20212165832d/formenn-stjornarflokka-telja-aeskilegt-ad-afgreida-kaerumal-adur-en-thing-komi-saman>

Það skiptir máli í þessu samhengi að hvorki nefndir flokksformenn né nefndarmenn undirbúningskjörbréfanefndarinnar sem hafa fengið það verkefni að „leysa úr málinu“ hafa formlega tekið til starfa sem löglega kjörnir þingmenn. Þeir hafa fyrir vikið ekki enn unnið drengskaparheit að stjórnarskránni, sbr. 47. grein laga nr. 33/1944. Þetta skiptir máli eins og sjá má með vísan til málsgreina 91 og 92 í dómi yfirdeildar MDE í máli *Mugemangango gegn Belgíu*. Í ljósi þess að ekki hafði verið skorið úr málinu er sérstaklega varhugavert að þingmannalísti hafi verið birtur án fyrirvara á vefsvæði Alþingis þann 8. október 2021⁵ en slík ákvörðun er enn ein vísbending þess efnis að um fyrirframákveðna niðurstöðu í þessu úrskurðarferli sé að ræða.

c. Réttur til að leita til óháðra dómstóla

Ástæða er til þess að áréttta sérstaklega alvarleika þeirrar stöðu sem uppi er í málinu varðandi það að Alþingi sjálft hafi endanlegt úrskurðarvald um gildi kosninganna, ekki síst út frá 70. grein gildandi stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944 og 13. gr. MSE. Það að ekki sé heimild til að skjóta málinu til óháðs úrskurðaraðila að afstaðinni ákvörðun Alþingis, er í besta falli bagalegt en í versta falli stjórnskipulegt neyðarástand.

Ljóst er að þessi framkvæmd samræmist hvergi viðmiðunarreglum Fenejjarnefndarinnar, sbr. skýrslu nefndarinnar frá 2002 um rétta háttsemi í tengslum við kosningamál. Í skýrslunni segir meðal annars: „*The appeal body in electoral matters should be either an electoral commission or a court. For elections to Parliament, an appeal to Parliament may be provided for in first instance. In any case, final appeal to a court must be possible*“⁶. Fyrir liggur að ýmis ríki Evrópuráðsins hafa á undanförunum árum fært stjórnskipun sína í átt að því að uppfylla þessar kröfur. Í málsgrein 61 í dómi MDE í máli nr. 310/15 leggur Fenejjarnefndin⁷ fram eftirfarandi álit sitt um þessa þróun: „*Twentieth-century European constitutions had generally abolished the power of parliaments to be the judge over elections, at least at last instance, and most European States had now assigned that power to a judicial body, although there was still considerable variety in the remedies available in those States*“. Ísland er hins vegar ekki á meðal þeirra ríkja sem lagfært hafa þennan þátt stjórnskipunarinnar og hefur ekki verið lögð nein áhersla á slíkar úrbætur af hálfu Alþingis sem hefur þó fjallað um stjórnskrárbreytingar nær sleitulaust upp að einhverju marki undanfarin áratug, en án nokkurs árangurs.

Hér verður ekki hjá því komist að rifja upp að gildandi stjórnarskrá er að grunninum til byggð á danskri stjórnarskrá í konungsríki og var ávallt ætlað að gilda til bráðabirgða. Þannig lofuðu allir stjórnsmálaflokkar á Alþingi við lýðveldisstofnunina að ný stjórnarskrá skyld lögfest um leið og sjálfstæðismálið væri í höfn. Hafa ýmsir forsetar lýðveldisins, sem eru einu þjóðkjörnu fulltrúar þjóðarinnar, kallað eftir því að Alþingi efni loforð sitt við stjórnarskrárgjafann en án árangurs. Í dómi yfirdóms MDE í máli *Mugemangano gegn Belgíu*, tók Danmörk til varnar við hlið Belgíu á grundvelli þess að um sambærilegt fyrirkomulag væri að ræða í þeirra stjórnskipan, sbr. málsgreinar 65 og 66. Þar var vísað í það fyrirkomulag sem Ísland hefur erfð og er til skoðunar í þessari kærnu og því haldið fram að það væri réttur hvers ríkis að viðhafa

⁵ <https://www.visir.is/g/20212166889d/buid-ad-uppfaera-thingmannalistann-a-althingi.is-til-samraemis-vid-urslitin-efir-endurtalningu>

⁶ [https://www.venice.coe.int/webforms/documents/default.aspx?pdffile=CDL-AD\(2002\)023rev2-cor-e](https://www.venice.coe.int/webforms/documents/default.aspx?pdffile=CDL-AD(2002)023rev2-cor-e)

⁷ Fenejjarnefndar er ekki eina alþjóðlega stofnunin sem hefur þessa afstöðu heldur taka ÖSE og Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og fleiri undir þessi sjónarmið, sjá málsgreinar 99-101 í dómi yfirdeildar MDE í máli *Mugemangano gegn Belgíu*.

sína eigin úrskurðarleið sem byggði sagnfræðilega á sjálfstæði þingsins gagnvart kóngi. Ekki var fallist á sjónarmið Danmerkur í málinu sem sýnir þ.a.l. skýrt fordæmisgildi niðurstöðu yfirdeildar MDE gagnvart Íslandi, sem byggir sína stjórnarskrá á þeirri dönsku.

Það að réttur kjósenda og frambjóðenda til að leita til dómstóla sé ekki tryggður í því skipulagi sem boðið er upp á til úrlausnar um gildi kosninganna sýnir að Alþingi hefur með aðgerðaleyfi sínu aukið á vald sitt umfram það sem vilji stjórnarskrárgjafans heimilar, á kostnað stjórnarskrárbundinna mannréttinda kæruaðila sem eru réttur til að leita til óháðra dómstóla og réttur til frjálsra kosninga.

Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin í máli þessu er eina leið Alþingis fram hjá vanhæfnissjónarmiðum þeim sem fyrrgreindur dómur MDE byggir á sú að boða til nýrra alþingiskosninga.

iv. Áhrif á úrslit kosninga

Sú atburðarás sem átti sér stað í Norðvesturkjördæmi, sem staðfest hefur verið að var grundvöllur á vinnubrögðum sem eru í andstöðu við kosningalög, olli því að skipti urðu á þeim þingmönnum sem hlutu kosningu á milli talninga. Meðal annars datt út úr mínu kjördæmi ungur kvenkyns þingmaður af erlendum uppruna sem ég tel að hefði verið mikilvæg rödd á vettvangi löggjafans. Löggjafarvaldið á að mínu mati að endurspegla samsetningu þjóðarinnar svo fremi sem unnt er. Þá datt út fyrsti kvenmeirihluti á löggjafarþingi í Evrópu á milli talninga, en slíkur áfangi hefur áhrif á jafnréttisbaráttu um allan heim og því mikil vangá fólgin í því að halda því fram að breyting frá honum séu þess eðlis að hafa ekki áhrif á niðurstöðu alþingiskosninganna á Íslandi árið 2021.

Í ljósi þess að mannskípti urðu á milli talninga í Norðvesturkjördæmi hefur atburðarrásin haft augljós og sannarleg áhrif á niðurstöðu kosninganna. Alþingismenn eru enda einungis bundnir við sannfæringu sína samkvæmt 48. grein gildandi stjórnarskrár og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum, flokkum eða öðrum öflum. Sannfæring tveggja mismunandi einstaklinga getur aldrei verið nákvæmlega eins og því er rökfræðilega ómögulegt að úrslit kosninga með mismunandi alþingismönnum séu þau sömu og ef fimm ólíkir einstaklingar hefðu tekið sæti á þingi. Í þessu samhengi skiptir engu máli þótt stjórnmalaflokkar hafi haldið svipuðum styrk því það er ekki stefna þeirra sem ræður gjörðum þingmanna samkvæmt stjórnarskrá.

v. Frekari rökstuðningur

Kærandi byggir á því að annmarkar á kosningunum hafi verið verulegir og til þess fallnir að vekja skynsamlegan vafa um það hver raunveruleg og rétt úrslit kosninganna voru. Er slík

aðstaða með öllu óboðleg í lýðræðisríki þar sem vald fulltrúa hvílir á úrslitum lýðræðislegra og leynilegra kosninga. Alþingi fer með löggjafarvald í umboði þjóðarinnar og getur hvorki þegið né framkvæmt það vald nema skýrt liggi fyrir að rétt hafi verið farið með umboðið í lögmetum kosningum.

a. Um Norðvesturkjördæmi

Fyrir liggur að stórfelld brot á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 áttu sér stað í tengslum við framkvæmd kosninga og talningar í nýafstöðnum alþingiskosningum. Kærandi vill ekki lengja mál sitt með því að telja upp öll þau lögbrot sem framin voru í kjördæminu enda hefur Magnús Davíð Norðdahl lagt fram ítarlega kæru hvað þau varðar og tekið er undir þá málsatvikalýsingu⁸ sem þar kemur fram, sem og heimfærslu þess efnis að Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis hafi brotið gegn mikilvægum ákvæðum XV. kafla kosningalaga við meðferð kjörgagna og talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi, sbr. sérstaklega 2. mgr. 97. gr., 98. gr. 1. mgr. 99. gr., 2. mgr. 104. gr. og 105. gr. Eru ágallar verulegir og með engu móti hægt að útiloka að þeir gætu hafa haft áhrif á úrslit kosninga til Alþingis 25. september 2021.

Hvað sönnun á ólögumframtalningu framkvæmd kosninga í kjördæminu varðar vísast annars vegar í yfirlýsingu frá Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis frá 1. október 2021 þar sem frambjóðendur og kjósendur voru beðnir afsökunar og hins vegar á bókun Landskjörstjórnar frá 28. september 2021 þar sem sagði að ekki hefði borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis um að meðferð kjörganga hafi verið fullnægjandi í kjördæminu.

Í ljósi þess að úrslit í Norðvesturkjördæmi hafa áhrif á úrslit landsins alls verður ekki hjá því komist að ógilda kosningarnar í heild sinni á grundvelli 3. mgr. 120. gr. laga nr. 24/2000. Mikilvægt er að áréttu að fyrri talning getur ekki talist gild þar sem æðsti ábyrgðarmaður hennar, yfirkjörstjóri Norðvesturkjördæmis, hefur opinberlega skýrt frá því að sú niðurstaða sé röng. Seinni talning getur ekki gilt vegna niðurstöðu Landskjörstjórnar í fyrrgreindri bókun. Uppkosning myndi ganga í berhögg við jafnræði kjósenda eftir kjördæmum auk þess sem jöfnunarþingmenn sem munu á næstu vikum hafa afskipti af ákvörðun um lögumframtalningu kosninganna gætu þá dottið út.

Sú staða sem upp er komin í Norðvesturkjördæmi leiðir til þess að aðeins ein leið er fær sem fullnægir þeim kröfum sem gera verður til öryggis um úrslit og réttmæti kosninga og það er að kjósa aftur á öllu landinu.

b. Um pólitísk tengsl hlutaðeigandi aðila

Við seinni talningu yfirkjörstjórnans í Norðvesturkjördæmi fjölgaði atkvæðum Sjálfstæðisflokksins um 10, atkvæðum Viðreisnar fækkaði um 9, auðum atkvæðaseðlum fækkaði um tólf og ógildum fjölgaði um ellefu.

Fyrir liggur að yfirkjörstjórnin, Ingi Tryggvason, sem hefur viðurkennt brot á lögum um Alþingiskosningar hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í gegnum tíðina. Heimildir kæranda sýna til að mynda að allt frá árinu 1991 hafi Ingi Tryggvason, verið

⁸ Auk þess vísast hvað þetta varðar eftir atvikum í aðrar kærur sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi og fjölmiðlaumfjöllun síðustu vikur um málið.

virkur í starfi Sambands ungra sjálfstæðismanna. Hann hafi jafnframt annast utankjörstaðatkvæðagreiðslur fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Borgarnesi árum saman. Árið 2020 var umræddur einstaklingur skipaður héraðsdómari af Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. Þá benda heimildir kæranda til þess að tengsl séu á milli umrædds yfirkjörstjóra og Bergþórs Ólasonar, fyrrum þingmanns Miðflokksins sem fékk kosningu samkvæmt síðari talningu yfirkjörstjórans. Þess ber að geta að Bergþór var áður einnig meðlimur í Sjálfstæðisflokknum á sömu slóðum og Ingi og gegndi hann ýmsum áhrifastöðum innan flokksins. Kynni Inga og Bergþórs grundvallast meðal annars á störfum þeirra saman í Sjálfstæðisflokknum í Borgarnesi.

Að hafa sjórnmalaskoðanir og taka þátt í pólitísku starfi er réttur hvers manns. Það liggja hins vegar fyrir ummæli sem sýna að í trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn hefur umræddur yfirkjörstjóri viðhaft þá skoðun opinberlega að hagsmunir flokksins eigi að hafa mikið vægi í beitingu opinbers valds. Þegar Ingi var formaður stjórnar fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaga í Mýrarsýslu árið 2006 kallaði hann það „kaldar kveðjur“ frá þáverandi dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins að taka ákvörðun um að lykilembætti lögreglunnar á Vesturlandi yrði á Akranesi en ekki Borgarnesi eins og áður hafði verið gert ráð fyrir. „Okkur þykja þetta vera kaldar kveðjur frá dómsmálaráðherra til flokksbræðra sinna að senda lykilembættið í fang andstæðinganna,“ sagði Ingi af þessu tilefni og greint var frá í Fréttablaðinu þann 6. janúar 2006. „Akranes er eina stóra þéttbýlið á Vesturlandi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki verið í meirihluta um árabil en þar eru Samfylkingin og framsóknarmenn í meirihluta meðan Sjálfstæðisflokkur er ýmist einn í meirihluta eða í meirihlutastjórn víðs vegar á Vesturlandi,“ sagði Ingi ennfremur.⁹

Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, sem birt hefur verið í fjölmiðlum, segir:

Kl. 11:46 kom oddviti aftur á talningarstað en um það leyti hafði Kristín Edwald formaður landskjörstjórnar samband við oddvitann og skýrði frá því að litill munur væri á atkvæðafjölda að baki jöfnunarsætum í Norðvestur- og Suðurkjördæmi. Var því beint til yfirkjörstjórnar hvort tilefni væri til nánari skoðunar vegna þessa.

Fyrir liggur því að það er formaður landskjörstjórnar sem verður þess valdandi að endurtalning hefst á atkvæðunum í Norðvesturkjördæmi sem ekki höfðu verið innsigluð og yfirkjörstjóri hafði verið einn með umsjón yfir í að minnsta kosti 30 mínútur samkvæmt sömu fundargerð. Ekki er ljóst hvaða lögbundnu skyldu formaður landskjörstjórnar taldi sig vera að sinna með umræddu samtali við yfirkjörstjórnann en samkvæmt fundargerð má ætla að Kristín Edwald hafi áttað sig á því að samtal hennar við Inga myndi hafa afleiðingar eða aðgerðir í för með sér, ellegar hefði ekki verið tilgangur með samtalinu.

Áréttað er að umræddur formaður landskjörstjórnar hefur einnig sterk tengsl við Sjálfstæðisflokkinn. Þannig var Kristín Edwald til dæmis formaður kjörstjórnar á landsfundum flokksins árið 2018. Hún var formaður Varðar fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík auk þess sem hún hefur setið í stjórn Landssambands sjálfstæðiskvænna.

⁹ <https://www.dv.is/frettir/2021/10/01/hver-er-thessi-ingi-tryggvason-okkur-thykja-thetta-vera-kaldar-kvedjur-fra-domsmalaradherra-til-flokksbraedra-sinna/>

Þegar atburðarás þessi er skoðuð í kjölinn sést bersýnilega hversu mikil áhrif landskjörstjórnar eru á málið í heild. Símtal formanns landskjörstjórnar hrindir af stað endurtalningunni. Endurtalning fer tafarlaust fram án kröfu frambjóðenda og án þess að umboðsmenn flokka séu viðstaddir líkt og lög kveða á um. Þegar ljóst er að tölum ber ekki saman og að lög hafa verið brotin kallar landskjörstjórn eftir skýrslum um framkvæmd kosninga úr öllum kjördæmum en tryggir þó ekki að umboðsmenn flokkanna, sem eru formlegir eftirlitsmenn með kosningunum, fái aðgang að þeirri skýrslugerð. Landskjörstjórn neitar svo með bókun að staðfesta að meðferð kjörganga í Norðvesturkjördæmi hafi verið fullnægjandi. Nefndin gefur engu að síður út kjörbréf til þeirra fimm þingmanna sem komust inn eftir endurtalninguna og veitir þeim þar með vald til að úrskurða um lögmati kosninga sem nefndin sjálf telur sig ekki geta staðfest að hafi farið fram í samræmi við lög og sem grundvallast á vinnubrögðum sem sæta nú lögreglurannsókn.

Þann 26. september 2021 tjáði kærandi sig á samfélagsmiðlum um alvarleika brota gegn kosningalögum í Norðvesturkjördæmi og sagði frá því að nafngreindur umboðsmaður hefði einnig orðið var við brot á lögum í Reykjavík og Kópavogi. Fréttamiðillinn Visir tók umrædda færslu upp og birti hjá sér¹⁰. Fengu bæði upphaflega færslan og „frétt“ Visis talsverða athygli. Um klukkan 21.30 að kvöldi 27. september hringdi Heimir Örn Heimisson, sem situr í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður, í kæranda. Vildi Heimir Örn að eigin sögn ræða við hana sem *vinur* um það að það væri óheppilegt að fara með slíkar rangfærslur opinberlega. Kærandi á að eigin mati ekki í vinasambandi við umræddan mann. Hann kenndi kæranda þó í lagadeild Háskólans í Reykjavík fyrir um 15 árum og auk þess voru þau samkennarar við sömu deild á tímabili sem þýddi að þau rákust á tíðum hvort á annað. Kærandi benti honum á að hún hefði upplýsingarnar eftir nafngreindum umboðsmanni og fyrrum alþingismanni sem hafði það hlutverk að hafa eftirlit með kosningunum og benti Heimi Erni á að tala við hann, ef það þyrfti að leiðrétta rangfærslur. Samtalið varði í um 20 mínútur samkvæmt minni kæranda og ekki fæst annað séð en tilgangur þess hafi verið sá að reyna að hafa áhrif á tjáningu kæranda á framkvæmd kosninganna og brotalömunum þar á sem Heimir ber m.a. sjálfur ábyrgð á sem oddviti í yfirkjörstjórninni. Í öllu falli hafa ekki verið leiðrétt þau ummæli sem varða annmarka á kosningunum í kjördæminu sem í hlut á. Þá hefur kærandi fengið það staðfest að Heimir hafði aldrei samband við umboðsmanninn sem benti á annmarkana en sá maður hefur komið skýrslu til landskjörstjórnar um málið. Samkvæmt upplýsingum kæranda hefur Heimir Örn einnig sterk tengsl við Sjálfstæðisflokkinn. Auk þess starfaði hann á lögmannsstofunni Lex um árabil við hlið Kristínar Edwald formanns landskjörstjórnar.

Til að auka enn á óheppilega stöðu í málinu situr nú að störfum undirbúningskjörbréfanefnd sem sækir lögmati sitt í lagabreytingu sem enn hefur ekki ratað í lagasafnið og er því almennum borgurum ekki tiltæk nema þeir kunni að fletta upp í Stjórnartíðindum. Þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn þrjá fulltrúa, en aðrir flokkar færri eða aðeins áheyrnafulltrúa. Þeir flokkar sem mynda fráfarandi ríkisstjórn og standa nú í stjórnarmyndunarviðræðum hafa meiri hluta fulltrúa í nefndinni og formenn þeirra tjá sig í fjölmiðlum með þeim hætti að nefndin „verði búin að leysa úr kærumálum vegna kosninganna í Norðvesturkjördæmi áður en

¹⁰ <https://www.visir.is/g/20212162066d>

stjórnarmyndun lýkur og þing kemur saman“¹¹. Þó segir í 46. grein stjórnarskrár að Alþingi skeri úr því hvort þingmenn séu löglega kjörnir. Í ljósi þess að þingmenn eru einungis bundnir við sannfæringu sína er erfitt að sjá hvernig umræddir stjórnámálaleiðtogar ætla nefnd sem er einungis skipuð hluta þingmanna að „leysa úr kærumálum“ vegna kosninganna, nema um sé að ræða fyrirfram ákveðna niðurstöðu.

Í litlu samfélagi eins og okkar er alltaf viðkvæmt mál að tala um pólitísk tengsl. Það skal því áréttað að kærandi er ekki að saka tiltekna einstaklinga um lögbrot, umfram þau sem hafa þegar verið viðurkennd. Hér er dregin upp mynd af þessu heildarsamhengi í þeim tilgangi að ítreka þá meginreglu réttarríkisins að réttlætinu þarf ekki aðeins að fullnægja, heldur verður því líka að virðast vera fullnægt¹². Það að pólitísk tengsl við einn tiltekinn stjórnámálaflokk, sem auk þess hefur mest völd varðandi úrskurð um lögmæti, séu svo mikil hjá helstu aðilum sem koma að þessu máli er til þess fallið að rýra verulega traust um viðkvæmt kerfi og samrýmist ekki sjónarmiðum um hlutlaus kosningaframkvæmd. Er vísað til 87. málsgreinar í dómi yfirdeildar MDE í máli *Mugemangango gegn Belgíu* hvað þetta varðar en þar kemur fram að meta verði heildstætt hvort aðstæður í tengslum við kosningar séu með þeim hætti að koma megi í veg fyrir geðþóttaákvæðanir. Hindranir gegn slíkum ákvörðunum eru til þess að tryggja öryggi réttarríkisins á meðan skorið er úr um lögmæti kosninga. Um slíkt öryggi hverfist svo lögmæti og sjálfstæði löggjafans sem er grundvallarþáttur lýðræðisfyrirkomulagsins:

“...What is at stake is the preservation of the electorate’s confidence in Parliament (see, mutatis mutandis, Magyar Kétfarkú Kutya Párt v. Hungary [GC], no. 201/17, § 99, 20 January 2020). In that respect, these safeguards ensure the proper functioning of an effective political democracy and thus represent a preliminary step for any parliamentary autonomy.”

Kærandi fer því fram á að Alþingi líti til þessara tengsla og fjalli um þau sérstaklega þegar tekin er ákvörðun um hvort ógilda eigi kosningarnar.

c. Um brot á kosningalögum í öðrum kjördæmum

Því miður einskorðast ólögmæti kosninganna til Alþingis 25. september 2021 ekki við Norðvesturkjördæmi. Eftirfarandi er listi af brotum sem kærandi hefur fengið fregnir af:

- Innsigli á utankjörfundaatkvæðum voru rofin mörgum dögum fyrir kjörfund í Reykjavík.
- Utankjörfundaratkvæði voru geymd í innsigliðum herbergjum í Reykjavík og Kópavogi en þau innsigli voru rofin áður, að eftirlitsmönnum fjarstöddum, sem gerir innsigliunina merkingarlausu. Hér ber að áréttu að utankjörfundaratkvæði nema nærri 20% af heildaratkvæðafjölda.

¹¹ <https://www.visir.is/g/20212165832d/formenn-stjornarflokka-telja-aeskilegt-ad-afgreida-kaerumal-adur-en-thing-komi-saman>

¹² E. „Justice must not only be done, but must also be seen to be done“ (Lord Hewart).

- Um þessi tvö atriði getur Jón Þór Ólafsson, fyrrum alþingismaður og umboðsmaður Pírata borið vitni. Hann hefur auk þess komið skýrslu um málið til Landskjörstjórna.
- Í frétt frá 29. september sl. segir: „Allur gangur virðist þó hafa verið á því hjá yfirkjörstjórnnum hvort atkvæði voru innsigluð á meðan þær hvíldu sig eftir að hafa skilað af sér lokatölum til fjölmiðla.“¹³ Með öðrum orðum var hið ólögmeta vinnulag sem viðhafi var í Norðvesturkjördæmi ekki einsdæmi.
- Fatlað fólk fékk ekki leynilega kosningu þar sem ekki voru tjöld fyrir kjörklefum ætluðum þeim á að minnsta kosti þremur kjörstöðum. Þessi staðreynd er afar alvarleg og gengur augljóslega í berhöggi við kosningalög og meginregluna um leynilegar kosningar sem er órjúfanlegur hluti kosningaréttar.
 - Freyja Haraldsdóttir, réttindagæslumaður fatlaðra getur borið frekara vitni um þetta og aðra vankanta er vörðuðu fatlaða kjósendur¹⁴. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, kjósandi í Reykjavíkurrkjördæmi suður, fékk ekki leynilega kosningu vegna þessa annmarka.
 - Hér skal áréttað að Róbert R. Spanó, prófessor og dómari, hefur haldið því fram að Hæstiréttur hafi þegar beitt ólögfestri ógildingarreglu sem eigi við þegar brotið sé gegn meginreglunni um leynilegar kosningar¹⁵.
- Í suðvesturkjördæmi voru þrjár stærðir af kjörstæðum, en aðeins ein þeirra var lögleg.
 - Baldvin Björgvinsson, umboðsmaður J lista, getur borið frekari vitni um þetta.
- Í Hafnarfirði voru tjöld fyrir kjörklefum gegnsæ.
 - Ólafur Ólafsson, myndlistarmaður getur borið um þetta vitni.
- Í suðurkjördæmi þurfti umboðsmaður að vera í svo mikilli fjarlægð frá atkvæðum við endurtalningu að viðkomandi lýsti þessu eins og að vera áhorfandi í Hörpu og sagði að ómögulegt væri að sinna eftirliti án þess að fá að nálgast talningu og kjörgögn. Þar var umboðsmanni jafnframt meinað að sjá skýrslu um framkvæmd kosninganna sem fór til landskjörstjórnar. Ljóst er að slíkt vinnulag kemur í veg fyrir þá gagnsemi sem eftirlitsmönnum er ætlað að hafa við kosningar.
 - Álfheiður Eymarsdóttir, umboðsmaður, getur veitt frekari upplýsingar um þetta.

Þess er krafist að Alþingi rannsaki hvert einasta dæmi að ofan og rökstyðji með ítarlegum hætti hvort það teljist annmarki og hvort sá annmarki hafi verið verulegur eða óverulegur. Þetta eru annmarkar sem kæranda hafa borist upplýsingar um sem almennum borgara og því ekki alls kostar ólíklegt að aðeins sé um að ræða brot af þeim annmörkum sem voru á framkvæmd kosninganna.

vi. Um dómaframkvæmd

Þann 25. janúar 2011 vísaði Hæstiréttur í lög um kosningar til Alþingis þegar hann ógilti kosningar til stjórnlagabings vegna annmarka á framkvæmd kosninganna¹⁶. Þess ber að geta

¹³ <https://www.ruv.is/frett/2021/09/29/mannleg-mistok-breyttu-ollu-fyrir-tiu-frambjodendur>

¹⁴ <https://kjarninn.is/frettir/tilvik-komu-upp-thar-sem-fatlad-folk-fekk-ekki-ad-kjosa-leynilega/>

¹⁵ Róbert R. Spanó: „Ritstjórnargrein: Ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninga til stjórnlagabings“, Tímarit lögfræðinga. 1. töl. 61. árgangur. 2011. bls. 2-3

¹⁶ <https://www.haestirettur.is/akvardanir/2011/>

að ekki var grunur um að annmarkar hefðu haft áhrif á niðurstöðu kosninganna líkt og í því tilfalli sem hér er til skoðunar.

Ákvörðun Hæstaréttar í þessu máli var afar umdeild á sínum tíma og var kærandi meðal þeirra sem töldu rangt að ógilda lýðræðislegar kosningar án gruns um áhrif á niðurstöðu. Það er þó engu að síður ljóst að ákvörðunin hefur almennt fordæmisgildi og er því hluti af þeirri heildarmynd sem Alþingi ber að skoða í þessu máli.

Lykilsetning í ákvörðun Hæstaréttar sem á við í því máli sem kært er vegna er eftirfarandi: „Skal í því sambandi áréttað að ekki er nóg að rétt sé talið ef ekki ríkir traust um að þannig hafi verið að verki staðið“. Ljóst er að fjölmiðlaumfjöllun síðustu vikna, auk framgöngu yfirkjörstjóra Norðvesturkjördæmis í fjölmiðlum, hefur valdið því að ekki ríkir almennt traust um að rétt hafi verið að verki staðið¹⁷. Þvert á móti telur kærandi að það ríki traust um það á Íslandi að rangt hafi verið að verki staðið í Norðvesturkjördæmi, enda hafa lögprotin þar verið viðurkennd opinberlega og alls óljóst er hvaða afleiðingar hafa hlotist af þeim.

Þau sömu sjónarmið og voru lögð til grundvallar hjá Hæstarétti eiga við í málinu sem hér er til skoðunar. Skortur á leynilegum kosningum vegna ófullkominna kjörklefa, skortur á eftirliti umboðsmanna með talningu, skortur á eftirfylgni um innsiglu á atkvæðum. Allt eru þetta verulegir ágallar að mati Hæstaréttar og ættu því að leiða til ógildingar. Það er mat kæranda að með hliðsjón af ákvörðun Hæstaréttar í fyrrgreindu máli sé Alþingi augljóslega ekki stætt á að láta kosningarnar standa heldur verði að ógilda þær til að fyrirbyggja fullkomna óvissu um það hver framkvæmdin í landinu sé þegar það kemur að annmörkum á kosningum.

En ákvörðun Hæstaréttar í stjórnlagabingsmálinu er ekki eina dómafordæmið sem við eigum að líta til gagnvart úrlausn á því kæruefni sem hér liggur til grundvallar.

Í Hrd. 1982, bls. 192 (hreppsnefndarkosningar í Geithellnahreppi) voru kosningar ógiltar á grundvelli þess að kjörseðlar hefðu verið of þunnir og því mögulegt að sjá í gegnum þá og kosningarnar hefðu þannig ekki verið leynilegar, enda yrði ekki fullyrt að kjörstjórnarmenn og aðrir viðstaddir hefðu ekki getað fylgst með hvernig stór hluti kjósenda greiddi atkvæði. Sambærileg rök um ótrygga kjörseðla vörðuðu ógildingu í Hrd. 1994, bls. 2640. Í hvorugu tilvikinu lá fyrir hvaða áhrif annmarkarnir hefðu haft á kosningaúrslitin. Alls óvíst var því hvort úrslit kosninganna hefðu orðið önnur ef réttilega hefði verið staðið að framkvæmd þeirra. Verður enda ekki talið að Hæstiréttur hafi haft nokkrar forsendur til að leggja mat á það, frekar en Alþingi í því tilfalli sem hér er til skoðunar.

Að lokum skal lítið til Hrd. 2002, bls. 2647 (sveitarstjórnarkosningar í Borgarbyggð). Þar urðu tveir frambjóðendur jafnir að atkvæðum svo kastað var hlutkesti. Annar kærði svo niðurstöðuna og „sló rétturinn því föstu að utankjörfundaratkvæði, sem meta hefði átt ógilt en var ranglega sett í kjörkassa, hefði beinlínis getað haft áhrif á úrslit kosninganna og hlyti sá ágalli að leiða til ógildingar þeirra samkvæmt ógildingareglu laga nr. 5/1998“.

¹⁷ Niðurstaða rannsóknar Maskínu sem birt var 8. október 2021 gefur til kynna að tæplega fjórði hver kjósandi treysti niðurstöðum kosninganna illa og 15% treysti henni í meðallagi. Það að yfir 38% aðspurðra skuli ekki treysta alþingiskosningum vel á Íslandi er sláand niðurstaða að mati kæranda: https://maskina.is/wp-content/uploads/2021/10/2021_10_Traust_Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf

vii. Lokaorð

Þeir annmarkar sem voru á kosningum til Alþingis 25. september 2021 varða brot gegn rétti kjósenda til frjálsra kosninga. Alþingi er verulegur vandi á höndum. Sé ætlun þingsins að láta hjá líða að ógilda kosningar sem hafa svo verulega annmarka þarf þingið að spyrja sig þeirrar spurningar strax hvernig það hyggist bregðast við ef Mannréttindadómstóll Evrópu mun síðar á kjörtímabilinu komast að þeirri niðurstöðu að það sitji í skjóli ólögðra kosninga? Hvað verður um löggjafasamkundu sem skortir lögmæti? Eru lög hennar lögmæt eða ber dómstólum að líta fram hjá slíkum lögum?

Verði ekki orðið við kröfu kæranda og loftið hreinsað með því að endurtaka kosningarnar í heild sinni eru það þessar stóru spurningar sem íslenska réttarríkið mun þurfa að fást við á næstu árum. Að koma þjóð sinni í slíka stöðu er ábyrgðarhlutur og því þarf hver einasti þingmaður að spyrja samvisku sína og sannfæringu hvort hann vilji vera þátttakandi í slíkri atburðarás.

viii. Áskilnaður

Kærandi krefst þess að Alþingi rannsaki með ítarlegum, opnum og gegnsæjum hætti öll þau brot sem kærð hafa verið í tengslum við alþingiskosningarnar 25. september 2021. Kærandi lýsir sig reiðubúinn til hvers kyns frekara samtals og óskar þess jafnframt að fá að koma fyrir kjörbréfanefnd Alþingis og lýsa nánar sjónarmiðum sínum.

Kærandi áskilur sér rétt til málflutnings á kæru þessari fyrir Alþingi. Þá áskilur kærandi sér rétt á að koma á framfæri frekari gögnum og rökstuðningi með kæru þessari á síðari stigum máls, gerist þess þörf.

Kærandi áskilur sér að lokum rétt til að leita með mál þetta fyrir dómstóla ef ekki verður orðið við kröfu um ógildingu af hálfu Alþingis. Þá áskilur kærandi sér rétt til að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

Reykjavík, 8. október 2021

Virðingarfyllt,



Katrín Oddsdóttir

Lögfræðingur og formaður Stjórnarskrárfélagsins